

- Til að fá yfirlit yfir sjónskerpumælingar nemanda er smellt á hnappinn „yfirlit“ í sjón-glugga hans (*mynd 1*).
- Þá opnast glugginn „sjón – yfirlit“ (*mynd 2*). Dagsetning, mæling hægra og vinstra auga og niðurstaða, þ.e. hvort sjónskerpuprófið var eðlileg (E) eða athugunarvert (A) kemur þar. (+ merkir með gleraugum).
- Ef til eru samskipti tengd sjónprófinu feitletrast niðurstaðan (*mynd 2*).
- Til að opna samskiptin er tvísmellt á feitletruðu niðurstöðuna.

Sjón

Nemandi
Örn Arnarson

Hægra auga Vinstra auga Búa til

H	6/6	6/6	Nýtt sjónpróf
	1,00	1,00	Samskipti

E E+ A A+

Dags 11.03.2017

Vísað til (S) Gögn komin (K)

Yfirlit Loka glugga Hætta við

Mynd 1: Til að fá yfirlit yfir sjónskerpumælingar sem skráðar hafa verið á Örn er smellt á „Yfirlit“

Sjón - yfirlit

Nemandi
Örn Arnarson

Yfirlit

Dagsetning	Hægra	Vinstra	Niðurstaða
11.03.2017	1,00	1,00	E+
06.03.2015	0,65	0,65	A
12.09.2012	0,80	0,80	E

Loka glugga

Mynd 2: Yfirlit yfir þær sjónskerpumælingar sem framkvæmdar hafa verið hjá Erni. Niðurstaðan 06.03.2015 er feitletruð sem gefur til kynna að til eru samskipti tengd þessu sjónskerpuprófi. Til að opna samskiptin er tvísmellt á feitletruðu niðurstöðuna.

Yfirlit til prentunar

Ef einhverri hluta vegna þarf að prenta út yfirlit yfir sjónskerpupróf fyrir foreldra að þá er möguleiki á því úr heilsufarsskrá nemandans með því að smella á „Skólaheilsuvernd“ (*mynd 3*)

Mynd 3: Til að fá yfirlit yfir sjónskerpupróf til útprentunar hjá Erni er hægt að smella á „Skólaheilsuvernd“ í heilsufarsskrá hans.

Heilsufarsskrá

Nemandi
Nafn: Örn Arnarson
Kyn: KK
Kennitala: 051206-2560 **KTL EKKI TIL ÞJÓFSKRÁ**
Heimilisfang: _____
Póstnúmer: 0
Sveitarfélag: _____
Heimasími: _____

Bekkur
Bekkur: 1-SD
Umsjónarkennari: Jóna Jónsdóttir

Tengiliðir
Forr.maður 1: margret Þórsdóttir
Forr.maður 2: Binna Gunnarsdóttir
Annar aðili: _____
Systkini: _____

Heilsugæslustöð/læknar
Heilsugæslustöð: _____
Heimilislæknir: Enginn skráður heimilislæknir
Heimilistannlæknir: Enginn skráður
-síðasta heimsókn til heimilist: _____

Áðrar upplýsingar
 Bráðaofnæmi
 Fæðuofnæmi/óþol
 Nýnemi
 Læknaþríf
 Aðsend þríf
 Langvinnur heilsuvandi
 Þverfaglegir fundir
Bólusetningar: 20.01.2017 - ÓFULLNÆG
 Kemur úr öðrum skóla
02.09.2015
ÚR - Ískráskóli
Í-Í skóla ekki í Ískrá
20.09.2015

Samskipti
Fjöldi samskipta: 20
Óklárað samskipti: 0
Samskipti Yfirlit samskipta Yfirlit seðla

Ýmislegt
 Eyðublið
 Tilvísun til læknis / Yfirlit
Skólaheilsuvernd Lyfjagjafir Greining Þarf tulk

Heim Stofnanir Hætta Prenta Til baka

Í glugganum 'Yfirlit yfir skólaheilsuvernd' er hakað fyrir framan 'Sjónskerpupróf' og síðan smellt á 'Öll skólaárin' (mynd 4) og birtist þá yfirlit yfir allar sjónskerpumælingar nemandans á skólagöngunni (mynd 5). Ef einungis þarf að fá yfirlit yfir sjónskerpumælingar á skólaárinu er nóg að smella beint á 'Sjónskerpupróf'.

Mynd 4: Hér er hakað fyrir framan 'Sjónskerpupróf' og síðan smellt á 'Öll skólaárin' til að fá yfirlit yfir öll sjónskerpuprófin sem framkvæmd hafa verið hjá Erni. Ef einungis þarf að fá yfirlit yfir sjónskerpuprófs yfirstandandi skólaárs er nóg að smella á 'Sjónskerpupróf'.

dagsetning	hægri	vinstri	
12.09.2012	6/75	6/75	Eðlilegt
06.03.2015	6/9	6/9	Frávik
11.03.2017	6/6	6/6	Eðlilegt

Mynd 5: Yfirlit yfir allar sjónskerpumælingar sem framkvæmdar hafa verið hjá Erni. Til að prenta blaðið út er smellt á myndina af prentaranum í litla print preview glugganum efst. Til að loka glugganum er smellt á myndina af hurðinni í print preview glugganum.